



## Reglur um úthlutun styrkja til skógræktar og landgræðslu

Stjórn sjóðsins gerir í upphafi hvers árs áætlun um fjárhæð sem verja skal til styrkveitinga. Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki meðal aðildarfélaga Skógræktarfélags Íslands eigi síðar en í marsmánuði ár hvert. Auk þess getur sjóðurinn styrkt verkefni á vegum annarra félagasamtaka, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga sem starfa í samræmi við markmið sjóðsins.

### Styrkir:

Meðal þeirra verkefna og kostnaðarþátta sem sjóðurinn styrkir eru:

- Skipulagsverkefni
- Friðun lands og undirbúningur þess fyrir ræktun
- Gróðursetningar og sáning
- Grisjun
- Rannsóknar- og þróunarverkefni
- Önnur skógræktar- og landgræðsluverkefni

### Umsóknir:

Með umsóknum skal fylgja ítarleg lýsing á því verkefni sem sótt er um styrki til og hvernig honum verði varið ef til úthlutunar kemur, þ.á.m.:

- Heiti verkefnis
- Upplýsingar um umsækjanda (nafn, heimilisfang, kennitala o.s.frv. )
- Ábyrgðarmaður verkefnis
- Lýsing á verkefninu
- Markmið verkefnis og gagnsemi
- Fyrri aðgerðir á hlutaðeigandi svæði
- Framkvæmdaáætlun
- Sundurliðuð kostnaðaráætlun
- Áætlun um fjármögnun
- Upplýsingar um aðra styrktar- eða samstarfsaðila (ef um er að ræða )
- Önnur atriði er máli kunna að skipta

## **Mat á umsóknum:**

Við úthlutun styrkja skal m.a. tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- Ákvæði 6.greinar skipulagsskrár sjóðsins
- Gildis verkefnisins og umhverfislegra þátta
- Framkvæmda- og kostnaðaráætlunar
- Framlaga eða styrkja frá opinberum aðilum (ríki og sveitarfélög)
- Framlaga frá öðrum styrktaraðilum

Umsóknir skulu vera skriflegar og skýrt fram settar. Uppfylli umsóknir ekki þau skilyrði sem tilgreind eru, er stjórn heimilt að vísa þeim frá.

Að liðnum umsóknarfresti skal stjórnin taka afstöðu til umsókna og tilkynna umsækjendum skriflega um niðurstöðu.

Fjárhæð styrks skal að jafnaði ekki vera hærri fjárhæð en sem nemur 80% af framkvæmdakostnaði.

Áður en greiðsla styrks er innt af hendi skulu styrkþegar skila skriflegri greinargerð um framgang verkefnis og kostnað. Heimilt er að greiða allt að helmingi styrks á framkvæmdatímanum en lokagreiðsla skal innt af hendi eigi síðar en 2 mánuðum eftir móttöku greinargerðar um verklok og raunkostnað.

Landgræðslusjóður áskilur sér rétt að draga styrkveitingu til baka tímabundið eða endanlega sé ekki staðið við framkvæmdir samkvæmt umsókn.

Reglur þessar eru settar í samræmi við skipulagsskrá Landgræðslusjóðs og skulu staðfestar af stjórn hans.

(Staðfest á fundi stjórnar þann 3. júlí 2002).